

59

26. júní

S A M Þ Y K K T

um

breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Neskaupstað frá 7. febr. 1929.

Í stað orðanna „2. ágúst“ í 4. gr. nefndrar samþykktar komi: fyrsta mánu-
dag í ágúst.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv.
1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftir-
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. júní 1931.

S. Kristinsson.

Vigfús Einarsson.

60

29. júní

S A M Þ Y K K T

fyrir

Einkasímafélag Suður-Bárðdælinga.

1. gr.

Símar þeir, er þessi samþykkt nær til, eru: Símar frá Lundarbrekku um
Bjarnarstaði og Viðiker til Svartarkots með hliðarálmu að Stórutungu og Mýri.

2. gr.

Símar þeir, sem taldir eru í 1. gr. skulu lagðir svo fljótt, sem fé fæst til
símalagningarinnar. Gerð símanna skal vera eftir tillögum landssímastjóra.

3. gr.

Afgreiðslu á síma sínum, svo og daglegt viðhald og bráðabirgða-aðgerð-
ir, annast hver búandi á einkasímasvæðinu, sem síma hefir, í sama hlutfalli
og annan kostnað.

4. gr.

Ábúendur á jörðum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. og símalínurnar ná
til, ganga í símafélag, er nefnist Einkasímafélag Suður-Bárðdæla, og greiðir það
kostnað þann, sem lagning símanna og viðhald þeirra hefir í för með sér, að